LV-2018-062

Landsvirkjun

Sogsstöðvar, Blöndustöð og Laxárstöðvar

Skipulags- og lóðarmál

Lykilsíða

Landsvirkjun

Skýrsla LV nr.:	LV-2018-062	**Dags:**	September 2018
Fjöldi síðna: 75	**Upplag: 2**	**Dreifing:**	☒ **Birt á vef LV** ☒ **Opin** ☐ **Takmörkuð til**

Titill: Sogsstöðvar, Blöndustöð og Laxárstöðvar. Skipulags- og lóðarmál.

Höfundar/fyrirtæki: Mannvit-Rúnar D. Bjarnason, Hrönn Hafliðadóttir

Verkefnisstjóri: Björk Guðmundsdóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

Útdráttur: Verkefnið snýst um að skoða skipulagsmál fyrir framkvæmdir og mannvirki Landsvirkjunar, sem eru í rekstri á Sogssvæðinu, Blöndustöð og Laxárstöðvum. Markmið með verkefninu er að tryggja að mannvirki séu ávallt í samræmi við gildandi skipulag eins og skipulagslög gera ráð fyrir. Þannig verða meiri líkur á skilvirkari meðferð og afgreiðslu leyfisveitinga. Með því að marka stefnu um skipulags- og lóðamál getur Landsvirkjun sett fram skýrari framtíðarsýn um æskilega framþróun á einstökum orkuvinnslusvæðum. Í skýrslunni er farið yfir núverandi stöðu aðal- og deiliskipulagsmála, þjóðlendur, mannvirki og lóðir, fornminja- og mannvirkjaskráningar. Starfsstöðvar sem skoðaðar voru; Írafossstöð, Ljósafossstöð, Steingrímsstöð, Blöndustöð og Laxárstöðvar I-III. Gerðar eru tillögur um úrbætur á hverju svæði fyrir sig eftir því sem þörf krefur, með hliðsjón af markmiðum Landsvirkjunar í umhverfis- og öryggismálum. Skilgreind eru þau verkefni sem lagt er til að vinna í framhaldinu. Teknar eru saman niðurstöður og sett fram næstu skref.

Skýrslan hefur að geyma texta, töflur, yfirlitsloftmyndir, ljósmyndir af mannvirkjum, aðal- og deiliskipulagsuppdrætti og yfirlitsuppdrátt yfir virkjanir og veitur.

Lykilorð: skipulagsmál, aðalskipulag, deiliskipulag, lóðir, þjóðlendur, fornminjaskráning, Írafossstöð, Ljósafossstöð, Steingrímsstöð, Sogsstöðvar, Sogssvæði, Laxárstöðvar, Blöndustöð, staðföng

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra Landsvirkjunar

Björk Guðm.

Skýrsla nr.
LV-2018-062

Landsvirkjun

Sogsstöðvar, Blöndustöð og Laxárstöðvar

Skipulags- og lóðarmál

September 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur 1

1.1 Markmið verkefnis 1

1.2 Forsaga 2

1.3 Lýsing verkefnis 2

1.4 Aðferðir og samráð 2

2. Skipulagsskylda 3

2.1 Aðalskipulag 3

2.2 Deiliskipulag 3

2.2.1 Skráning mannvirkja - húsakönnun 4

2.2.2 Lóðablöð 4

2.3 Skráning menningarminja 4

2.4 Þjóðlendur 5

2.5 Staðföng 5

3. Aflstöðvar á Sogssvæðinu 7

3.1 Ljósafossstöð 10

3.1.1 Staða skipulags 10

3.1.2 Lóðir og mannvirki 11

3.2 Írafossstöð 13

3.2.1 Staða skipulags 13

3.2.2 Lóðir og mannvirki 14

3.3 Steingrímsstöð 17

3.3.1 Staða skipulags 18

3.3.2 Lóðir og mannvirki 19

3.4 Tillögur um úrbætur fyrir aflstöðvar á Sogssvæðinu 21

4. Laxárstöðvar 23

4.1 Laxárstöð I 27

4.2 Laxárstöð II 27

4.3 Laxárstöð III 27

4.3.1 Staða skipulags 27

4.3.2 Lóðir og mannvirki 28

4.3.3 Tillögur um úrbætur fyrir Laxárstöðvar 35

5. Blöndustöð 37

Staða skipulags 41

5.1 Lóðir og mannvirki 41

5.2 Tillögur um úrbætur fyrir Blöndustöð 44

6. Samantekt – Tillögur að næstu skrefum 45

7. Heimildir A-1

Viðauki A -Gildandi aðalskipulagsuppdrættir A-1

Viðauki B -Fornleifaskráningar B-1

Viðauki C -Dæmi um umfjöllun í aðalskipulagi C-4

Viðauki D -Staðföng D-6

Viðauki E -Þjóðlendur E-11

Viðauki F -Reglugerð um skráningu staðfanga F-12

Myndaskrá

Mynd 1, Staðsetning aflstöðva á Sogssvæðinu (Loftmynd: World Imagery) 7
Mynd 2, Stöðvarhús Ljósafossstöðvar (mynd: Anna María Bogadóttir). 10
Mynd 3, Þjónustuskáli Írafossstöðvar (mynd: Anna María Bogadóttir) 13
Mynd 4, Stöðvarhús Steingrímsstöðvar (mynd: Anna María Bogadóttir). 18
Mynd 5, Staðsetning Laxárstöðva (Loftmynd: World Imagery). 24
Mynd 6, Laxárstöðvar og helstu kennileiti (Loftmynd: Loftmyndir ehf.) 25
Mynd 7, Íbúðir og mannvirki á svæði Laxárstöðva (mynd: Kanon arkitektar). 26
Mynd 8, Stöðvarhús II (mynd: Kanon arkitektar). 26
Mynd 9, Staðsetning Blöndustöðvar (Loftmynd: World Imagery). 38
Mynd 10, Blöndustöð og helstu kennileiti (Loftmynd: Loftmyndir ehf.) 39
Mynd 11, Horft yfir starfsstöðvar við Blöndustöð (mynd: Hrönn Hafliðadóttir). 40
Mynd 12, Horft að lokuhúsi sem staðsett er við enda aðrennslisskurðar frá Gilsárstíflu 40

Töfluskrá

Tafla 1, Mannvirki Ljósafossstöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi: 12
Tafla 2, Mannvirki Írafossstöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi: 15
Tafla 3, Mannvirki Steingrímsstöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi: 20
Tafla 4, Mannvirki Laxárstöðva og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi: 29
Tafla 5, Mannvirki Blöndustöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi: 41

1. Inngangur

1.1 Markmið verkefnis

Í umhverfisstefnu Landsvirkjunar (STE-003) er meðal annars lögð áhersla á að fyrirtækið þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr þeim. Eitt af stefnumiðum til þess að framfylgja stefnunni er *Starfsemi án umhverfisatvika* og er ein af áherslunum að „Tryggja að öllum lagalegum kröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og setja strangari kröfur eftir því sem við á og vinna markvisst að forvörnum og umbótum".

Með þessu verkefni er unnið að því að tryggja að framkvæmdir séu ávallt í samræmi við gildandi skipulag og auka þannig líkur á skilvirkari afgreiðslu þegar sótt er um leyfi. Með því að skilgreina betur skipulags- og lóðarmál getur Landsvirkjun sett fram skýrari framtíðarsýn um æskilega framþróun á einstökum orkuvinnslusvæðum.

Aflstöðvarnar í rekstri Landsvirkjunar sem verkefnið tekur til hófu rekstur á árunum 1937-1991 og voru byggðar samkvæmt leyfum í samræmi við lög á þeim tíma. Árið 1997 (nr.73/1997) tóku gildi ný lög um skipulag- og byggingar, sem voru endurskoðuð og endurbætt árið 2010 (nr. 123). Stöðvarnar sem um ræðir eru því byggðar fyrir tíma núgildandi skipulagslaga.

Í nýjum skipulagslögum nr.123/2010 er kveðið á um að framkvæmdir og mannvirki séu leyfisskyld og háð umsögnum ýmist sveitarfélaga, skipulagsstofnunar og viðeigandi hagsmunaaðila. *Skipulagsferlið á að tryggja að land sé nýtt á hagkvæman hátt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi sveitarstjórna þurfa að byggja á skipulagi og vera í samræmi við það.* [1] Með því að fara í lögformlegt skipulagsferli er verið að skapa stuðning og samstöðu með opnum samskiptum með hagsmunaaðilum ásamt því að vinna í anda sjálfbærrar þróunar. Auk þess minnkar það líkur á umhverfisatvikum, töfum og kostnaði þegar til framkvæmda kemur.

Til þess að framfylgja umhverfisstefnu fyrirtækisins þarf því að hafa gildandi skipulagsáætlanir fyrir starfsstöðvar, í samræmi við núgildandi skipulagslög. Í formlegu skipulagsferli er einnig innbyggt samráð og kynning á framtíðaráætlunum Landsvirkjunar sem stuðlar að opinni og málefnalegri umræðu um framkvæmdir og rekstur Landsvirkjunar á orkuvinnslusvæðum og minnkar líkur á árekstrarflötum. Helstu efniskaflar eru:

- Inngangur
- Skipulagsskylda
- Alflstöðvar á Sogssvæðinu
- Laxárstöðvar
- Blöndustöð
- Samantekt-Tillögur að næstu skrefum

[1] Alþingi Íslands, 2010

1.2 Forsaga

Eins og áður segir tóku árið 1997 gildi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Með þeim lögum voru felld saman þágildandi skipulagslög nr. 19/1964 og byggingarlög nr. 54/1978. Helstu breytingar á áherslum frá gildandi skipulagslögum voru einfaldari meðferð skipulags- og byggingarmála og aukið frumkvæði sveitarfélaga og þess sem skilgreind voru mismunandi stig skipulagsáætlana, þ.e. deiliskipulag, aðalskipulag, svæðisskipulag og landsskipulag (í endurskoðuðum lögum árið 2010). Með lögunum var einnig frumkvæði til skipulagsgerðar (aðalskipulags og deiliskipulags) og ábyrgð flutt til sveitarfélaga frá ríkinu. Þá var með lögunum embætti skipulagsstjóra ríkisins lagt niður og í þess stað varð til ný stofnun, Skipulagsstofnun. Til viðbótar komu til ákvæði varðandi starfsheimildir byggingarstjóra, sett var á fót úrskurðarnefnd o.fl.

Á árinu 2010 var skipulags- og byggingarlöggjöfinni aftur skipt upp og greinist í skipulagslög, nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Í núgildandi skipulagslögum eru skýrari fyrirmæli en áður um samráð og kynningu við gerð skipulagsáætlana, bæði gagnvart almenningi og opinberum aðilum. Áhersla er lögð á að skipulagsgerð sé skilvirk og jafnframt sveigjanleg svo sem varðandi breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þá er Skipulagsstofnun nú falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur þó gert sé ráð fyrir staðfestingu ráðherra í ákveðnum tilvikum. Þó lögin leggi áherslu á forræði sveitarfélaga á skipulagsmálum er jafnframt viðurkennd þörf á að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum, landsskipulagsstefnu, sem lögð er til grundvallar skipulagsgerð sveitarfélaga. Þá eru í lögunum ákvæði um staðfestingu Skipulagsstofnunar á aðal- og svæðisskipulagi sveitarfélaga og að Skipulagsstofnun tryggi samræmi milli skipulagsáætlana og samræmi við stefnu ríkisins varðandi landnotkun og byggðaþróun.

1.3 Lýsing verkefnis

Verkefnið felur í sér úttekt á stöðu aðal- og deiliskipulagsmála fyrir framkvæmdir sem eru leyfisskyldar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og orkumannvirki Landsvirkjunar sem eru í rekstri á á aflstöðvum á i Sogssvæðinu, Laxárstöðva og Blöndustöðvar samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010. Lagt er mat á hvort mannvirki séu rétt skilgreind í aðalskipulagi samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og hvort deiliskipulag sé í gildi fyrir allar deiliskipulagsskyldar framkvæmdir. Þá er farið yfir hvort skráning fornminja hefur farið fram á hverju svæði fyrir sig. Enn fremur er gerð úttekt á skráningu lóða hjá Þjóðskrá Íslands og stöðu lóðablaða fyrir skráningarskyld mannvirki.

Gerðar eru tillögur um úrbætur á hverju svæði fyrir sig eftir því sem þörf krefur, með hliðsjón af markmiðum Landsvirkjunar í umhverfis- og öryggismálum. Skilgreind eru þau verkefni sem þarf að vinna í framhaldinu og eru hugsuð sem langtímaverkefni.

1.4 Aðferðir og samráð

Greinargerðin var unnin af Hrönn Hafliðadóttur og Rúnari Dýrmundi Bjarnasyni hjá Mannviti. Verkefnisstjóri var Björk Guðmundsdóttur á umhverfisdeild, í verkefnishópi sátu Guðmundur R. Stefánsson stöðvarstjóri Blöndu- og Laxárstöðva, Jóhann S. Bjarnason stöðvarstjóri Sogssvæðis og Sigurður Guðni Sigurðsson deildarstjóri vatnsaflsdeildar, hjá Landsvirkjun. Eigandi verkefnis var Jóna Bjarnadóttir. Verkefnið var unnið á tímabilinu mars- ágúst 2018.

Við gerð þessarar greinargerðar var farið í vettvangsferðir annars vegar í Sogsvirkjanir og hins vegar í Blönduvirkjun. Rætt var við stöðvarstjóra á báðum svæðum og aflað upplýsinga. Stöðvarstjóri Blöndustöðvar veitti einnig upplýsingar um Laxárstöðvar I-III.

Þjóðskrá Íslands veitti upplýsingar um stöðu lóðamála og skráningu staðfanga.

Skipulagsstofnun, ásamt skipulagsfulltrúum sveitarfélaganna veittu upplýsingar um stöðu aðal- og deiliskipulags.

Minjastofnun veitti upplýsingar um skráningu fornminja innan hvers athugunarsvæðis fyrir sig.

Þjóðskrá Íslands veitti upplýsingar um staðföng og rýndi skýrsluna með tilliti til upplýsinga varðandi staðföng.

Drög að skýrslunni voru send til rýnis á skipulagsfulltrúa Húnavatnshrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Þingeyjarsveitar. Drög voru einnig send Þjóðskrá Íslands. Svör bárust frá skipulagsfulltrúa Húnavatnshrepps og Þjóðskrá Íslands sem gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á skýrslunni. Skipulagsfulltrúar Þingeyjarsveitar og Grímsnes-og Grafningshrepps sáu sér ekki fært að lesa yfir.

2. Skipulagsskylda

Í þessum kafla er fjallað um þau ákvæði í lögum sem snúa að skipulagsskyldu og gerð verður grein fyrir hverjum skipulagsþætti fyrir sig sem snýr að framkvæmdum sem eru leyfisskyldar.

Samkvæmt gr. 12 í skipulagslögum nr. 123/2010 nær skipulagsskylda „*til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.*“

2.1 Aðalskipulag

Í gr. 28 og 29 í skipulagslögum nr. 123/2010 segir: *„Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Sveitarfélög skulu á hverjum tíma hafa í gildi aðalskipulag. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið“.*[2]

Í Viðauka A er sýnd staða hverrar virkjunar og/eða miðlunar, eins og hún er sett fram í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Í köflum 3 til 5 er umfjöllun um hverja aflstöð fyrir sig með tilliti til stöðu aðalskipulags.

2.2 Deiliskipulag

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.1.2 segir að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skuli jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags. *„Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu,*

[2] Alþingi Íslands, 2010.

vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags" skv. gr. 5.1.3.

„Gr. 5.3.2.1. Staðsetja skal byggingarreiti og setja skilmála um stærð bygginga og hæðarfjölda ofan jarðar og neðan, um þakform, mænishæð, mænisstefnu, efni og útlit o.fl. eftir atvikum. Gera skal grein fyrir stærð og umfangi annarra mannvirkja svo sem virkjana-, fjarskipta- og veitumannvirkja, samgöngumannvirkja o.fl.

Gr. 5.3.2.2. Afmarka skal lóðir fyrir byggingar og önnur mannvirki eftir atvikum, og gera grein fyrir stærð þeirra.

Gr. 5.3.2.9. Virkjanir. Gera skal grein fyrir tegund orkuöflunar og áætluðu afli virkjana og setja skilmála um gerð og umfang mannvirkja neðanjarðar og ofan, vegakerfi, áfangaskiptingu, landmótun, borsvæða, lagnaleiða, lónum, frágangi og öðru eftir því sem við á. Gera skal grein fyrir hvernig orka verður flutt frá svæðinu. Sé gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu skal setja skilmála um þá starfsemi.

Gr. 5.3.2.15. Veitur og fjarskipti. Gera skal grein fyrir veitum og helgunarsvæðum þeirra, ofan jarðar og neðan, á uppdráttum og/eða í greinargerð. Gera skal grein fyrir staðsetningu og umfangi fjarskiptamastra, háspennulína og sambærilegra mannvirkja, og aðkomu að þeim ".[3]

Í köflum 3 til 5 er umfjöllun um hverja aflstöð fyrir sig með tilliti til stöðu deiliskipulags.

2.2.1 Skráning mannvirkja - húsakönnun

Í tengslum við gerð deiliskipulags gerir Minjastofnun orðið kröfu um að vinna skuli húsakönnun á þegar byggðum svæðum. Markmiðið er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.[4] Í gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð segir

„Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar".[5]

2.2.2 Lóðablöð

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, 1.3. gr. skilgreiningar, er sú lýsing gefin upp að lóðablöð séu *„mæli- og hæðablöð þar sem hönnunargögn eru unnin í kjölfar deiliskipulags og lýsa með nákvæmum hætti stærðum lóða, hæðakótum lands og bygginga, staðsetningu lagna, kvöðum og öðru sem þurfa þykir.*"

Í þessu verkefni er miðað við skráningu lóða eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

2.3 Skráning menningarminja

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, 16.gr. segir m.a.:

"Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem

[3] Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013.
[4] Alþingi Íslands, 2015.
[5] Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013.

gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.“

2.4 Þjóðlendur

Í þessu riti eru engar þeirra stöðva sem teknar eru fyrir innan þjóðlenda en hluti af austanverðu Blöndulóni er innan þjóðlenda og er vestari hluti þess ásamt Þrístiklu, Smalatjörn og Friðmundarvötnum með þjóðlendukröfu, sjá viðauka E.

Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998. Í 1.gr. er skilgreining á þjóðlendu eftirfarandi:

„Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“

Í 3.gr. kemur fram að „*Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.*“[6]

2.5 Staðföng

Reglugerð um staðföng er sett með heimild í 3. mgr. 12. gr. laga, nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum. Skráning staðfanga auðveldar aðilum stjórnvöldum, neyðarþjónustu, rannsóknaraðilum o.fl., að afla upplýsinga um staðsetningu mannvirkja, landsvæða eða annars sem þörf er á að staðsetja í samræmdu landshnitakerfi . Með skipulagðri skráningu staðfanga eykur það öryggi og aðgengi neyðarlínu að upplýsingum hvað varðar lýsandi og rúmfræðilegar upplýsingar um staðsetningu eða aðkomuleiðir, til að mynda ef staðfang er hnitað á ákveðinn inngang.

Til að auka öryggi og skilvirkni við stærri mannvirki, sem hafa fleiri en einn inngang, eru fleiri staðföng skráð. Mælst er til að sérstakt staðfang sé skráð fyrir hvern þann inngang í mannvirki sem nauðsyn er að beina umferð að, til að mynda í tilgangi sjúkraflutninga og fleira. Þau staðföng þarf að aðgreina, svo hvert þeirra sé einkvæmt, með því að aðgreina það frá öðrum staðföngum við sömu götu með skráningu húsnúmers, aukabókstað og/eða viðskeyti.[7]

Í reglugerð um skráningu staðfanga nr. 577/2017 segir í 1.gr. að markmið skráninga staðfanga séu eftirfarandi:

a. tryggja gagnsæja, opna og skilvirka stjórnsýslu við skráningu örnefna,

b. samræma skráningu staðfanga í þéttbýli og dreifbýli,

c. samræma skráningu hverfa, götuheita og staðfanga til þess að auðvelda upplýsingaöflun um áfangastaði, staðsetningu lóða og aðkomu að mannvirkjum,

[6] Alþingi Íslands, 1998(a).
[7] Þjóðskrá Íslands, 2012.

d. tryggja aðgang neyðarþjónustu og almannavarna að samræmdum upplýsingum um ákveðnar byggðir eða svæði,

e. tryggja skráningu og form landupplýsinga fyrir leiðsögutæki og stafrænar kortaþjónustur.[8]

Skráning staðfanga fer fram hjá sveitafélögum samkv. reglugerð nr. 577/2017 og annast þau nafngiftir og hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarka sveitafélaga. Þjóðskrá Íslands ber ábyrgð á skráningarkerfinu og viðhaldi gagnagrunns. Nánar má lesa um reglugerð um skráningu staðfanga í viðauka F.

[8] Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti, 2017.

3. Aflstöðvar á Sogssvæðinu

Á vatnasviði Sogsins eru þrjár vatnsaflsstöðvar: Ljósafossstöð, Írafossstöð og Steingrímsstöð og er samanlagt afl þeirra 82 MW. Sogið er vatnsmesta lindá landsins , 19 kílómetra löng og kemur vatnið aðallega úr uppsprettum á botni Þingvallavatns, stærsta stöðuvatni Íslands, 83 km^2. Í Soginu eru tvö stöðuvötn, Álftavatn og Úlfljótsvatn sem skilur það frá Þingvallavatni. Meðalrennsli Sogsins er um 110 m^3 á sekúndu.[9] Myndir 2 og 3 gefa yfirlit yfir stöðvarnar þrjár og helstu mannvirki.



Mynd 1, Staðsetning aflstöðva á Sogssvæðinu (Loftmynd: World Imagery)

[9] Landsvirkjun, 2007.



Mynd 2, Írafossstöð og Ljósafossstöð og mannvirki þeirra (Loftmynd: Loftmyndir ehf.)



Mynd 3, Steingrímsstöð og mannvirki hennar. (Loftmynd: Loftmyndir ehf.)

3.1 Ljósafossstöð

Elsta aflstöðin í Soginu stendur við Ljósafoss, útfall Úlfljótsvatns. Stöðin stendur á árbakkanum austan við fossinn, vatnið er leitt um pípur að hverflum stöðvarinnar og þaðan út í ána neðan við fossinn. Rekstur stöðvarinnar við Ljósafoss hófst árið 1937. Þá voru settar upp tvær vélasamstæður, samtals með 8,8 MW afli, sem fjórfaldaði framboð rafmagns á höfuðborgarsvæðinu. Þriðja vélin bættist við árið 1944 og er hún 6,5 MW.[10]

Mynd 2, Stöðvarhús Ljósafossstöðvar (mynd: Anna María Bogadóttir).

3.1.1 Staða skipulags

Virkjunarmannvirki Ljósafossstöðvar eru staðsett í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 eru Sogsssvæðið (I2) í heild sinni skilgreindar sem 12,5ha iðnaðarsvæði og starfsmannaíbúðir (Íb6) eru skilgreindar sem íbúðarsvæði utan þéttbýlis (sjá viðauka A).

Í drögum að nýju Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030 má sjá að ekki hefur verið gerð nein breyting á svæði Ljósafossstöðvar.

[10] Landsvirkjun, á.á.(a)

Samkvæmt aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu á aflstöðvum á Sogssvæðinu.

Deiliskipulag

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir Ljósafossstöð, en deiliskipulagsvinna hófst árið 2018.

Skráning fornminja

Þær fornleifaskráningar sem farið hafa fram í námunda við Ljósafossstöð má finna í Viðauka B.

Fornleifastofnun Íslands er að vinna nýrri fornleifaskráningu á aflstöðvum á Sogsvæðinu í tengslum við deiliskipulagsvinnuna.

3.1.2 Lóðir og mannvirki

Hjá Þjóðskrá Íslands er lóð Ljósafossstöðvar skráð 15 ha með landeignanúmerið 168926. Lóðin er skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð. Innan hennar eru m.a. stöðvarhús, íbúðir og stífla. Í töflu 1 má sjá skráningu mannvirkja Ljósafossstöðvar samkvæmt Þjóðskrá. Í töflunni eru einnig tillögur um úrbætur.

Tafla 1, Mannvirki Ljósafossstöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi:

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Stöðvarhús, 1937. 1728,3 m² Fastanr. 220-7674 Matshlutanr. 01 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Íbúð, 1936. 438,4 m² Fastanr. 220-7674 Matshlutanr. 02 0101	Tvíbýli. Nýtt í dag að hluta af skátum. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Lokustífla, 1937. Fastanr. 220-7674 Matshlutanr. 04 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Útivirki og hlað, 1937. Fastanr. 220-7674 Matshlutanr. 05 0101	Útivirki var rifið 2001. Því mætti breyta heiti í „Hlað“.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Skilgreina stærð mannvirkis hjá Þjóðskrá Íslands. Útbúa lóðablað**.**
Stífla, 1937. Fastanr. 220-7674 Matshlutanr. 06 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Lokuhús	Óskráð	

3.2 Írafossstöð

Írafossstöð virkjar fall tveggja neðri fossanna í Soginu; Írafoss og Kistufoss. Sogið er stíflað ofan við Írafoss, nánast í sömu hæð og frárennslið er frá Ljósafossi. Rekstur stöðvarinnar hófst árið 1953 með tveimur 15,5 MW vélasamstæðum en stöðin var stækkuð með einni 16,7 MW vél til viðbótar árið 1963. Afl stöðvarinnar er því í dag um 48 MW.[11]

Mynd 3, Þjónustuskáli Írafossstöðvar (mynd: Anna María Bogadóttir).

3.2.1 Staða skipulags

Mannvirki Írafossstöðvar eru staðsett í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 eru aflstöðvar á Sogssvæðinu (I2) skilgreindar í heild sinni sem 12,5ha iðnaðarsvæði og starfsmannaíbúðir (Íb6) eru skilgreindar sem íbúðarsvæði utan þéttbýlis.

Í drögum að nýju Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030 hefur iðnaðarsvæði við Írafossstöð verið stækkað (sjá viðauka A)

[11] Landsvirkjun, á.á.(b).

Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu á aflstöðvum á Sogssvæðinu.

Deiliskipulag

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir Írafossstöð, en deiliskipulagsvinna hófst 2018.

Skráning fornminja

Þær fornleifaskráningar sem farið hafa fram í námunda við Írafossstöð má finna í Viðauka B.

Fornleifastofnun Íslands að vinna að nýrri fornleifaskráningu á vegum á Sogssvæðinu, í tengslum við deiliskipulagsvinnuna.

3.2.2 Lóðir og mannvirki

Hjá Þjóðskrá Íslands er lóð Írafossstöðvar skráð 32 ha, með landeignanúmer 168922. Lóðin er skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð. Innan hennar er m.a. neðanjarðar stöðvarhús, þjónustuskáli, íbúðir og stífla. Í töflu 2 má sjá skráningu mannvirkja Írafossstöðvar samkvæmt Þjóðskrá. Í töflunni eru einnig tillögur um úrbætur.

Ljósatröð, landeignanúmer 168930, er skráð 5937 m^2. Lóðin er skilgreind sem Íbúðarhúsalóð. Innan hennar er parhús.

Tafla 2, Mannvirki Írafossstöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi:

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Stöðvarhús neðanjarðar, 1953. 1632,7 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 01 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Þjónustuskáli, 1953. 1677,6 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 15 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Íbúð, 1948. 434,1 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 05 0101	Tvær íbúðir. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Íbúð, 1948. 434,1 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 04 0101	Útilífsmiðstöð skáta. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Íbúð, 1954. 452,5 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 03 0101	Mötuneyti. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Íbúð, 1954. 484,1 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 02 0101	Tvær íbúðir. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Stífla, 1953. Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 11 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Lokustífla, 1953. Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 13 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Frárennslisskurður, 1953. Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 10 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Inntak, 1953. Fastanr. 220-7655. Matshlutanr. 12 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Útivirki og hlað, 1953. Fastanr. 220-7655		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Matshlutanr. 16 0101		Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Skilgreina stærð mannvirkis hjá Þjóðskrá Íslands. Útbúa lóðablað.
Bílskúrslengja, 1974. 237,6 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 17 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Parhús, 1978. ? m² Fastanr. 220-7687 Matshlutanr. ?	Tilheyrir landnúmeri 168930. Skráð eru tvö parhús hjá Þjóðskrá Íslands en einungis er eitt parhús á svæðinu.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Skilgreina stærð mannvirkis hjá Þjóðskrá Íslands Útbúa lóðablað.
Sundlaug, 1978. 328 m² Fastanr. 220-7687 Matshlutanr. 020101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Lokuhús	Óskráð	

3.3 Steingrímsstöð

Steingrímsstöð er þriðja stöðin sem byggð var á Sogssvæðinu. Rekstur stöðvarinnar hófst árið 1959 og er afl hennar 27 MW. Í stöðinni er virkjað fall Efra-Sogs úr Þingvallavatni í Úlfljótsvatn. Miðlunarstífla var gerð við útrennsli Þingvallavatns. Aðrennslisgöng liggja þar úr vatninu í

gegnum Dráttarhlíð, sem aðskilur Þingvallavatn og Úlfljótsvatn, í opna jöfnunarþró ofan við stöðvarhúsið. Rennsli frá Þingvallavatni er að jafnaði um 100 m^3/s.[12]

Mynd 4, Stöðvarhús Steingrímsstöðvar (mynd: Anna María Bogadóttir).

3.3.1 Staða skipulags

Virkjunarmannvirki Steingrímsstöðvar eru staðsett í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 eru aflstöðvar á Sogssvæðinu (I2) skilgreindar í heild sinni sem 12,5ha iðnaðarsvæði og starfsmannaíbúðir (Íb6) eru skilgreindar sem íbúðarsvæði utan þéttbýlis.

Í drögum að nýju Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030 má sjá að ekki hefur verið gerð nein breyting á svæði Steingrímsstöðvar. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu orkuvinnslu á Sogssvæðinu.

Deiliskipulag

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir Steingrímsstöð en deiliskipulagsvinna hófst árið 2018.

[12] Landsvirkjun, á.á. (c).

Skráning fornminja

Þær fornleifaskráningar sem farið hafa fram í námunda við Steingrímsstöð má finna í Viðauka B.

Fornleifastofnun Íslands að vinna að nýrri fornleifaskráningu á vegum á Sogssvæðinu, í tengslum við deiliskipulagsvinnuna.

3.3.2 Lóðir og mannvirki

Hjá Þjóðskrá Íslands er lóð Steingrímsstöðvar skráð 38 ha, landnúmer 170935. Lóðin er skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð. Innan hennar er m.a. stöðvarhús, lokustífla og íbúðir. Í töflu 3 má sjá skráningu mannvirkja Steingrímsstöðvar samkvæmt Þjóðskrá. Í töflunni eru einnig tillögur um úrbætur.

Tafla 3, Mannvirki Steingrímsstöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi:

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Stöðvarhús, 1960. 1682,4 m² Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 08 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Íbúð, 1959. 192,2 m² Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 02 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Íbúð, 1959. 192 m² Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 03 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Lokustífla, 1960. Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 01 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Gangainntak, 1960. Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 05 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Aðrennslisgöng, 1960. Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 06 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Frárennslisskurður, 1960. Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 09 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Vatnsaflsvirkjun, 1960. Fastanr. 220-9687 Matshlutanr. 07 0101	Vatnsaflsvirkjun er ekki með sérstakt matshlutanúmer hjá öðrum aflstöðvum.	Taka út af skrá í samræmi við aðrar aflstöðvar.
Lokuhús	Óskráð	

3.4 Tillögur um úrbætur fyrir aflstöðvar á Sogssvæðinu

Aðalskipulag

Þegar þetta er skrifað er unnið að gerð nýs aðalskipulags, Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030. Tillagan er sýnd í viðauka A.

Úrbætur:

a) **Gera betur grein fyrir Sogsstöðvum í aðalskipulagsgreinagerð.**

   Í aðalskipulagsgreinargerð er ekki sérstakur kafli um aflstöðvar í Soginu. Lagt er til að við endurskoðun á aðalskipulagi verði útbúinn sér kafli sem skilgreinir iðnaðar- og athafnasvæði. Í þeim kafla væri unnt að fjalla um hvert svæði fyrir sig á ýtarlegri hátt, þar sem afl, stærð og þróun er tilgreind. Dæmi um framsetningu má sjá í köflum 3.4 Iðnaður o.fl. og 4.7 Iðnaður og Athafnasvæði, í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 (sjá viðhengi C).

b) **Nafngreina stöðvarnar, Ljósafossstöð, Írafossstöð og Steingrímsstöð á aðalskipulagsuppdrætti.**

   Á tillögu að aðalskipulagsuppdrætti Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030 er gerð grein fyrir aflstöðvum á Sogssvæðinu sem iðnaðarsvæðum, merkt með gráum lit. Lagt er til að á uppdrætti verði sett inn kennileiti og heiti aflstöðva. Slíkt myndi gera aðalskipulagsuppdráttinn læsilegri að því leyti.

c) **Gæta samræmis í nafngiftum.**

   Í núgildandi aðalskipulagi er bæði notast við Írafoss og Ýrufoss. Bent er á að gæta þarf að samræmi í texta og styðjast aðeins við eitt heiti til að koma í veg fyrir misskilning.

Deiliskipulag

Í vinnslu er gerð deiliskipulags fyrir aflstöðvar í Soginu sem hófst 2018. Unnið er að sameiginlegu deiliskipulagi fyrir Ljósafossstöð og Írafossstöð og síðan verður sér deiliskipulag fyrir Steingrímsstöð.

Lóðablöð

Eftir samþykkt deiliskipulags og birtingu í B-deild er æskilegt að næstu skref verði að útbúa lóðablöð.

Annað

a) Lagt er til að leiðréttar verði þær villur sem bent er á í töflum 1-3 hér á undan en þar er um að ræða eftirfarandi:

- Útivirki og hlað. Útivirki var rifið. Breyta mætti heiti í „Hlað“.
- Lokuhús er óskráð. Skrá lokuhús við Ljósafossstöð, Írafossstöð og Steingrímsstöð.
- Parhús, 1978. Skráð eru tvö parhús en einungis er eitt parhús á svæði Írafossstöðvar. Taka mætti eitt parhús af skrá.
- Hjá Steingrímsstöð er skráð „Vatnsaflsvirkjun“ sem ekki er sérstakur matshluti og mætti því taka út.

b) Ská staðföng.

Lagt er til að Landsvirkjun í samvinnu við sveitarfélagið hugi að skráningu staðfanga á viðeigandi mannvirkjum á svæði Sogsstöðva, sjá viðauka D.

Skráning staðfanga fer fram hjá sveitarfélögum og annast þau nafngiftir og hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarka sveitafélaga.

c) Gera mætti betur grein fyrir matshlutum með götuheiti og númerum.

Æskilegt er að gera betur grein fyrir matshlutum, til að mynda þá eru íbúðir skráðar sem „íbúðir“ hjá Þjóðskrá Íslands en hafa ekki sérnöfn eða tilheyra götuheiti, en til að auka skýrleika og öryggi mætti skrá götuheiti og númer ásamt viðskeyti ef við á.

d) Gæta samræmis í orðavali.

Horfa þarf til þess að gæta samræmis í orðavali hjá Þjóðskrá Íslands og í aðal- og deiliskipulögum. Misræmi er á milli þess hvort notast er við orðið stöð eða virkjun.

Til að mynda í greinagerð Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er bæði notast við stöð og virkjun.

4. Laxárstöðvar

Í Laxá í Þingeyjarsveit eru þrjár vatnsaflsstöðvar, Laxárstöð I, Laxárstöð II og Laxárstöð III. Fram úr Laxárdal ganga Laxárgljúfur og þar eru Laxárstöðvarnar þrjár. Þær nýta um 70 m fall árinnar á 1.800 m kafla og afl þeirra er alls 27,5 MW. Laxá er lindá og á upptök sín í Mývatni sem er í 277 m hæð yfir sjó. Laxá rennur um Laxárdal og síðan Aðaldal og fellur til sjávar í Skjálfandaflóa. Aðrennsli í Mývatn er að mestu neðanjarðar gegnum hraunlög. Því er rennslið úr vatninu jafnt sem er ákjósanlegt fyrir virkjun vatnsafls. Allar þessar virkjanir standa á litlu svæði neðarlega í Laxárdal, sú neðsta á mótum Laxárdals og Aðaldals.

Laxá var upphaflega virkjuð til að sjá Akureyrarbæ fyrir rafmagni og gegndu Laxárstöðvar lykilhlutverki í rafvæðingu Norðurlands. Árið 1950 varð ríkið meðeigandi Akureyrar í Laxárvirkjun og árið 1983 var Laxárvirkjun sameinuð Landsvirkjun, sem var stofnuð árið 1965.[13] Laxárstöðvar tilheyra allar sama landnúmeri og er því fjallað um allar stöðvar í sömu töflu hér á eftir.

[13] Landsvirkjun, 2003.



Mynd 5, Staðsetning Laxárstöðva (Loftmynd: World Imagery).

Mynd 6, Laxárstöðvar og helstu kennileiti (Loftmynd: Loftmyndir ehf.)

Mynd 7, Íbúðir og mannvirki á svæði Laxárstöðva (mynd: Kanon arkitektar).

Mynd 8, Stöðvarhús II (mynd: Kanon arkitektar).

4.1 Laxárstöð I

Laxárstöð I er elsta stöðin í Laxá og er uppsett afl hennar 5 MW. Laxárstöð I nýtir efri hluta fallsins við Brúar. Frá stíflu efst í gljúfrunum er vatnið leitt fyrst í jarðgöngum og síðan í stokk að stöðvarhúsinu um 670 m leið. Í stöðinni eru tvær vélasamstæður og var sú fyrri tekin í notkun árið 1939 en hin síðari árið 1944.[14]

4.2 Laxárstöð II

Laxárstöð II nýtir neðri hluta fallsins við Brúa og er uppsett afl hennar 9 MW. Áin er stífluð um 300 m neðan við stöðvarhús Laxár I og vatnið leitt þaðan um plaströr að jöfnunarturni og frá honum um stálpípu að stöðvarhúsi, samtals um 380 m leið. Í stöðinni er ein vélasamstæða sem tekin var í gagnið árið 1953. Ofan við stöðvarhúsið er þrýstijöfnunartankur sem jafnar þrýstingssveiflur við breytilegt álag á stöðinni og minnkar þannig álag á stokkinn. Rör úr botni hans liggur niður að hverfli stöðvarinnar.[15]

4.3 Laxárstöð III

Laxárstöð III er yngsta aflstöðin í Laxá og er uppsett afl hennar 13,5 MW. Hvelfing sem hýsir vélasamstæðu stöðvarinnar var upphaflega hönnuð fyrir tvær 25 MW vatnsvélar. Var þá miðað við 56 m háa stíflu ofar í gljúfrinu og að heildarfallhæðin yrði 83 m. Þessari áætlun var harðlega mótmælt af Þingeyingum og lyktir urðu að Laxárstöð III var vígð árið 1973 með einum hverfli í stað tveggja og frekari áform á svæðinu lögð til hliðar.[16]

4.3.1 Staða skipulags

Virkjunarmannvirki Laxárstöðva eru staðsett í Þingeyjarsveit.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 eru Laxárstöðvar skilgreindar sem 27,5 ha iðnaðar- og athafnasvæði.

Þar sem íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum er svæði undir starfsmannaíbúðir skilgreint sem sérstakt íbúðarsvæði og er það um 1,8 ha að stærð.

Geirastaðastífla og Haganesstífla stýra rennsli úr Mývatni niður Laxá. Stíflurnar eru staðsettar í Skútustaðahreppi. Þeirra er ekki getið í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Deiliskipulag

Samkvæmt Skipulagsstofnun (06.04.2018) er ekki að finna neina deiliskipulagsuppdrætti fyrir skipulagssvæði Laxárstöðva.

Skráning fornminja

Þær fornleifaskráningar sem farið hafa fram í námunda við Laxárstöðvar má finna í Viðauka B.

[14] Landsvirkjun, á.á. (d).
[15] Landsvirkjun, á.á. (e).
[16] Landsvirkjun, á.á. (f).

4.3.2 Lóðir og mannvirki

Mannvirkjaskráning fyrir Laxárstöðvar fór fram 2017, útgefin er skýrsla LV-2017-114.[17] Skýrslan var sett fram sem húsakönnun en jafnframt koma fram leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt breyta megi einstökum mannvirkjum eða eftir atvikum fjarlægja. Leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af áherslum sem settar eru fram í stefnumiðum Landsvirkjunar um landmótun og útlit mannvirkja (VIN-215).

Hjá Þjóðskrá er lóð Laxárstöðva skilgreind sem Iðnaðar- og athafnalóð, landeignanúmer 153902 en stærð hennar er ekki skilgreind. Innan hennar er meðal annars stöðvarhús, starfsmannahús, virkjanamannvirki, iðnaðarhús og útgarður. Í töflu 4 má sjá skráningu mannvirkja Laxárstöðva samkvæmt Þjóðskrá. Í töflunni eru einnig tillögur um úrbætur.

Laxárvirkjun hús 7, landeignanúmer 153919, er skráð 790 fm^2. Lóðin er skilgreind sem íbúðarhúsalóð. Innan hennar er einbýli, bílskúr og garðskáli.

Geirastaðir lóð, landnúmer 153585, hefur ekki skilgreinda stærð. Lóðin er skilgreind sem viðskipta og þjónustulóð. Innan hennar er mótorhús (lokuhús).

[17] Kanon Arkitektar, 2017.

Tafla 4, Mannvirki Laxárstöðva og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi:

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Stöðvarhús 1, 1939-2005. 865,1 m^2. Fastanr. 227-6008. Matshlutanr. 01 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Stöðvarhús 2, 1953. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 04 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Skilgreina stærð mannvirkis hjá Þjóðskrá Íslands. Útbúa lóðablað.
Stöðvarhús 3, 1974. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 09 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Skilgreina stærð mannvirkis hjá Þjóðskrá Íslands. Útbúa lóðablað.
Stífla, 1939, Laxárstöð I og III (Gerðar voru endurbætur 2017). Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 02 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Rafstöð / stífla, 1953. (Haganesstífla) Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. ?	Skráðar eru 4 rafstöð /stífla inni á vef Þjóðskrá Íslands og því þyrfti að greina betur hvaða rafstöð / stífla tilheyri hvaða matshlutanr.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
		Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Rafstöð / stífla, 1953. (Miðkvísl) Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. ?	Skráðar eru 4 rafstöð /stífla inni á vef Þjóðskrá Íslands og því þyrfti að greina betur hvaða rafstöð / stífla tilheyri hvaða matshlutanr.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Rafstöð / stífla, 1953. (Laxárstöð II) Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. ?	Skráðar eru 4 rafstöð /stífla inni á vef Þjóðskrá Íslands og því þyrfti að greina betur hvaða rafstöð / stífla tilheyri hvaða matshlutanr.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Inntak aðrennslis, 1974. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 10 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Renna og framhjárenna, 1974. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr.		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Útivirki og kaplar, 1974. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 12 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
		Útbúa lóðablað.
Þrýstivatnsturn, 1953 Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. ?	Skráðir eru 4 þrýstivatnsturnar inni á vef Þjóðskrá Íslands og hafa þeir allir sitthvort matshlutanr. Hér þarf að breyta svo að aðeins einn turn sé skráður.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Skilgreina stærð mannvirkis hjá Þjóðskrá Íslands. Útbúa lóðablað.
Iðnaðarhús, 1976. 740,4 m^2 Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 18 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Spilliefnageymsla, 1996. 34,2 m^2 Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 19 0101	Hluti af Iðnaðarhúsi. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað
Matgarður, 1948. 173,7 m^2 Fatsanr. 227-6008 Matshlutanr. 21 0101	Stendur til að rífa. Ekki í notkun lengur.	
Útgarður, 1970. 68,8 m^2 Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 22 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Íbúð/vélavarðar, 1939. 68,5 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. ?	Íbúð/vélavarðar er skráð tvisvar með tveimur matshlutanr. á vef Þjóðskrá Íslands. Íbúð / vélavarðar er í raun Hús 1 sem er eitt mannvirki en tvær íbúðir. Skrá þarf Íbúð/vélavarðar aðeins einu sinni og sem Hús 1.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Hús 2, 1968. 241,8 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 31 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Hús 3, 1938. 201,4 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 32 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Hús 4, 1968. 241,8 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 33 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Hús 6, 1968. 241,8 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 35 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Hús 8, 1977. 293,4 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 36 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Vegir, brýr og plön, 1974. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 13 0101		Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi.
Skrifstofa, 1939. 104,9 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr 30 0102	Ekkert hús eða skrifstofa er frá árinu 1939. Mögulega er þetta hluti af gamla stöðvarhúsinu.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Bílskúr, 1978. 48 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 38 0101	Bílskúr er tvískráður inni á vef Þjóðskrá Íslands Þjóðskrá Íslands. Aðeins er einn bílskúr en er hann tvískiptur.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Þrýstivatnspípa, 1953. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 03 0101	Rifið	
Líkamsræktarstöð, 1939. 68,5 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 30 0101	Rifið	
Einbýli, 1976. 135 m² Fastanr. 216-4724 Matshlutanr. 01 0101	Er í dag mötuneyti. Tilheyrir landnúmeri 153919.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina sem mötuneyti.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
		Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Bílskúr, 1981. 43 m² Fastanr. 216-4724 Matshlutanr. 02 0101	Tilheyrir landnúmeri 153919.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Útbúa lóðablað.
Garðskáli, 1992. 11,9 m² Fastanr. 216-4724 Matshlutanr. 02 0101	Tilheyrir landnúmeri 153919.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Mótorhús (lokuhús), 1950. 26,4 m² Fastanr. 216-3099 Matshlutanr. 01 0101	Tilheyrir landnúmeri 153585.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.

4.3.3 Tillögur um úrbætur fyrir Laxárstöðvar

Aðalskipulag

a) Nafngreina Laxárstöðvar á aðalskipulagsuppdrætti.

Á aðalskipulagsuppdrætti Þingeyjarsveitar er gerð grein fyrir Laxárstöðvum sem iðnaðarsvæði, merkt með gráum lit en ekki er vísað til kennileitis eða heiti stöðva. Gera mætti aðalskipulagsuppdráttinn læsilegri, næst þegar ráðist verður í endurskoðun aðalskipulags eða fyrr.

Deiliskipulag

Æskilegt væri að vinna deiliskipulag fyrir Laxárstöðvar.

Lóðablöð

Eftir samþykkt deiliskipulags og auglýsingu í B-deilderu æskileg næstu skref að að útbúa lóðablöð.

Annað

a) Leiðrétta villur sem bent er á í töflu 4 hér á undan en þar er um að ræða eftirfarandi:

- Gera grein fyrir því hvaða rafstöð og stífla tilheyri hvaða matshlutanúmeri.
- Skrá mætti Íbúð/vélavarðar aðeins einu sinni sem Hús1.
- Skrifstofa virðist ekki vera til staðar.
- Bílskúr er skráður tvisvar. Skrá aðeins sinu sinni.
- Þrýstivatnspípa var rifin. Taka út.
- Líkamsræktarstöð var rifin. Taka út.
- Matjurtagarður ekki lengur í notkun. Taka út.

b) Skrá staðföng

Lagt er til að Landsvirkjun í samvinnu við sveitarfélagið hugi að skráningu staðfanga á viðeigandi mannvirkjum á svæði Laxárstöðva, sjá viðauka D.

Skráning staðfanga fer fram hjá sveitarfélögum og annast þau nafngiftir og hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarka sveitafélaga.

c) Gera betur grein fyrir matshlutum.

Gera mætti betur grein fyrir matshlutum, til að mynda þá eru íbúðir skráðar sem Hús1, Hús2 o.s.fv. hjá Þjóðskrá Íslands. Æskilegra væri að skrá götuheiti og númer ásamt viðskeyti þegar við á.

d) Skrá Geirastaðastíflu og Haganesstíflu hjá Þjóðskrá Íslands.

Ónákvæmni fannst við landnúmer 153585, viðskipta og þjónustulóð. Þar er skráð eitt mótorhús en á því svæði er einnig að finna Geirastaðastíflu og Haganesstíflu. Færa mætti þau mannvirki undir rétt landnúmer og æskilegt að skilgreina lóð og aðkomu. Skilgreina sem iðnaðarlóð.

e) Gæta samræmis í orðavali.

Notast er bæði við orðið stöð og virkjun í greinagerð Aðalskipulags Húnavatnshrepps. Lagt er til að gætt verði að samræmi í orðavali.

5. Blöndustöð

Vatnasvið Blöndustöðvar er 1520 km^2 að stærð og er flatarmál lónsins 57 km^2. Vatnið í Blöndu er að mestum hluta jökulbráð af Hofsjökli og úrkomuvatni af Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði. Blöndustöð er neðanjarðarstöð, rúmlega 230 m undir yfirborði jarðar og var tekin í notkun árið 1991. Hún stendur á brún norðanverðs hálendis við enda Kjalvegar.

Blanda er stífluð við Reftjarnarbungu og við upptök Kolkukvíslar og mynda þessar stíflur Blöndulón, þriðja stærsta stöðuvatn á Íslandi. Frá Kolkustíflu er vatni veitt um veituskurði og vötn, samtals um 25 km leið að inntakslóni virkjunarinnar, Gilsárlóni. Frá inntakslóni er vatni veitt um 1.300 m langan skurð að inntaki stöðvarinnar þar sem það er leitt niður í vélar að stöðvarhúsi. Virk fallhæð að vélumer 287 m. Frá hverflunum rennur vatnið um 1.700 m löng frárennslisgöng aftur út í farveg árinnar.[18]

[18] Landsvirkjun, á.á.(g).



Mynd 9, Staðsetning Blöndustöðvar (Loftmynd: World Imagery).

Mynd 10, Blöndustöð og helstu kennileiti (Loftmynd: Loftmyndir ehf.)

Mynd 11, Horft yfir starfsstöðvar við Blöndustöð (mynd: Hrönn Hafliðadóttir).

Mynd 12, Horft að lokuhúsi sem staðsett er við enda aðrennslisskurðar frá Gilsárstíflu (mynd: Hrönn Hafliðadóttir).

Staða skipulags

Virkjanamannvirki Blöndustöðvar eru í Húnavatnshreppi á landi Eiðstaða.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 er Blöndustöð skilgreind sem 21ha iðnaðarsvæði. Aðalskipulagi Húnavatnshrepps var breytt árið 2014, samþykkt 19. ágúst í sveitarstjórn. Breytingin fól í sér að gerð er grein fyrir virkjunum á veituleið Blönduvirkjunar og efnistökusvæða. Fornleifar eru einnig sýndar á uppdrætti innan svæðis sem breytingin nær til.

Deiliskipulag

Samkvæmt Skipulagsstofnun (06.04.2018) er ekki að finna neina deiliskipulagsuppdrætti fyrir skipulagssvæði Blöndustöðvar.

Skráning fornminja

Þær fornleifaskráningar sem farið hafa fram í námunda við Blöndustöð má finna í Viðauka B.

5.1 Lóðir og mannvirki

Hjá Þjóðskrá Íslands er lóð Blöndustöðvar, landnúmer 145288, með ótilgreinda stærð. Lóðin er skilgreind sem iðnaðar- og athafnalóð. Innan hennar eru m.a. stöðvarhús, verkstæði, starfsmannahús og stjórnhús. Í töflu 5 má sjá skráningu mannvirkja Blöndustöðvar samkvæmt Þjóðskrá. Í töflunni eru einnig tillögur um úrbætur til samræmis við núgildandi lög og stefnu Landsvirkjunar.

Önnur lóð, Blönduvirkjun Eiðsstaðir, landnúmer 145285, hefur ótilgreinda stærð. Lóðin er skilgreind sem Annað land. Innan hennar eru olíugeymsla og bogaskemmur.

Tafla 5, Mannvirki Blöndustöðvar og mannvirki skráð hjá Þjóðskrá Íslands eru eftirfarandi:

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Stjórnhús, 1990. 1346,2 m^2 Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 01 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Starfsmannahús, 1991. 2335 m^2 Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 03 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Inntakshús, 1990. 131 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 02 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Stöðvastjórahús, 1991. 221,4 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 04 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Stöðvarhús (neðanj.), 1991. Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 05 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi. Skilgreina stærð mannvirkis hjá Þjóðskrá Íslands. Útbúa lóðablað.
Verkstæði (vélaskemma), 1992. 324,5 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 06 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Aðkomuhús, 1991. Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 07 0101	Inngangur inn í aðkomugögn að stöðvarhúsi. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Olíugeymsla, 1983. 89,3 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 06 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang. Tilheyrir landnúmeri 145285.	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.

Mannvirki	Staða	Tillögur til úrbóta
Bogaskemma, 1983. 244,2 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 09 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang. Tilheyrir landnúmeri 145285	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Bogaskemma, 1984. 244,2 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 10 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang. Tilheyrir landnúmeri 145285	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Borgaskemma, 1983. 244,2 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 12 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang. Tilheyrir landnúmeri 145285	Útbúa deiliskipulag og skilgreina mannvirki í deiliskipulagi. Skilgreina lóð hjá Þjóðskrá Íslands samkvæmt því deiliskipulagi.
Lokuhús	Óskráð	
Lokuhús (Blöndustíflu)	Óskráð	
Brú (yfir Fiskilæk)	Óskráð	
Smalatjarnarbrú	Óskráð	
Fiskilækjarstífla	Óskráð	
Yfirfall Blöndustíflu	Óskráð	
Blöndustífla	Óskráð	
Blöndulón	Óskráð	
Brú (á yfirfallsskurði)	Óskráð	
Gilsárstífla (Inntaksstífla)	Óskráð	
Inntakslokuhús (Gilsárstíflu)	Óskráð	
Aðrennslisskurður	Óskráð	
Lokuhús (Kolku)	Óskráð	
Kolkustífla	Óskráð	

5.2 Tillögur um úrbætur fyrir Blöndustöð

Aðalskipulag

a) Gæta samræmis í orðavali

Í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, er bæði notast við orðið Blöndustöð og Blönduvirkjun, æskilegt væri að samræma orðanotkun.

b) Gera betur grein fyrir umfjöllun um Blöndustöð í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps.

Gera mætti umfjöllun um iðnaðar- og athafnasvæði ýtarlegri, þar sem fjallað er um stöðvar og lón, afl, stærð og sérstöðu. Má þar taka umfjöllun í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til fyrirmyndar (sjá viðauka C).

c) Við endurskoðun Aðalskipulags Húnavatnshrepps ætti Landsvirkjun að rýna aðalskipulagið og gæta að staðhæfingum.

Í aðalskipulaginu segir til að mynda að á svæðinu séu virkjun og tengd mannvirki í samræmi við deiliskipulag. Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun liggur ekki fyrir staðfest deiliskipulag fyrir Blöndustöð.

Deiliskipulag

Æskilegt væri að vinna deiliskipulag fyrir Blöndustöð.

Lóðablöð

Eftir samþykkt deiliskipulags og birtingu í B-deild er æskilegt næsta skref að útbúa lóðablöð.

Annað

a) Skrá staðföng

Lagt er til að Landsvirkjun í samvinnu við sveitarfélag hugi að skráningu staðfanga á viðeigandi mannvirkjum á svæði Blöndustöðvar, sjá viðauka D.

Skráning staðfanga fer fram hjá sveitarfélögum og annast þau nafngiftir og hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarka sveitafélaga.

6. Samantekt – Tillögur að næstu skrefum

Aðalskipulag

a) Nafngreina stöðvar á aðalskipulagsuppdráttum og gera betur grein fyrir virkjanamannvirkjum.

Stöðvar og veitur á Sogssvæðinu, Laxárstöðva og Blöndustöðvar eru allar skilgreindar sem iðnaðarsvæði á aðalskipulagsuppdráttum viðkomandi sveitafélaga. Á öllum aðalskipulagsuppdráttum er þörf á að gera betur grein fyrir virkjanamannvirkjum, miðlunarlónum, stíflum og skurðum, með sér skýringum, til að mynda eins og sjá má hér:

Stíflur, miðlunarlón og skurðir

b) Gera umfjöllun um svæði aflstöðva í aðalskipulagi ítarlegri.

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir Ljósafossstöð, Írafossstöð og Steingrímsstöð og Aðalskipulagi Húnavatnshrepps fyrir Blöndustöð mætti umfjöllun um iðnaðarsvæði og aflstöðvar vera ítarlegri. Ekki er gerð nægileg grein fyrir stöðvum, afli eða stærð. Við gerð nýs aðalskipulags er lagt til að umfjöllun verði ítarlegri og í samræmi við aðrar aflstöðvar hjá Landsvirkjun s.s. Þeistareykjastöð. Gott dæmi um ýtarlegri umfjöllun má finna í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar (sjá viðauka C) um Laxárstöðvar og Þeistareykjastöð.

c) Samræma orðanotkun í texta.

Í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps, Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og Aðalskipulagi Húnavatnshrepps má sjá að bæði er notast við orðið virkjun og stöð. Bent er á að æskilegt væri að gæta að samræmis í texta.

Lagt er til að vinna breytingar á /við endurskoðun aðalskipulags, við eftirfarandi aflstöðvar:

- Ljósafossstöð, sjá bls. 21-22.
- Írafossstöð, sjá bls. 21-22.
- Steingrímsstöð, sjá bls. 21-22.
- Laxárstöðvar I, II og III, sjá bls. 35.
- Blöndustöð, sjá bls. 44.

Deiliskipulag

Ekki er að finna deiliskipulagsuppdrætti samþykkta, birta í B-deild eða á skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar fyrir fyrrnefnd stöðvarsvæði.

Lagt er til að vinna deiliskipulög fyrir:

- Ljósafossstöð (er í vinnslu)
- Írafossstöð (er í vinnslu)

- Steingrímsstöð (er í vinnslu)
- Blöndustöð
- Laxárstöðvar I, II og III.

Lóðir

Lagt er til að lokið verði við vinnu við skilgreiningu og stofnun lóða hjá:

- Ljósafossstöð
- Írafossstöð
- Steingrímsstöð
- Laxárvirkjun I, II og III
- Blöndustöð

Staðföng og matshlutar

a) Skráning staðfanga

Skráning staðfanga fer fram hjá sveitarfélögum og annast þau nafngiftir og hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarka sveitafélaga, samkvæmt reglugerð nr. 577/2017. Lagt er til að Landsvirkjun í samvinnu við sveitarfélögin hugi að skráningu staðfanga á viðeigandi mannvirkjum þeirra stöðva sem hér eru til umfjöllunar, en skráning staðfanga er ábótavant á öllum stöðvum (sjá viðauka D). Til að auka öryggi og skilvirkni er mikilvægt að skráð séu staðföng á öllum mannvirkjum og jafnvel að skráð séu fleiri en eitt á stórum mannvirkjum, þar sem eru fleiri en einn inngangur. Þar að auki er æskilegt að götum séu gefin nöfn og matshlutum númer.

b) Gera mætti betur grein fyrir matshlutum með götuheiti og númerum.

Sem dæmi þá má taka fyrir íbúðir á svæði Laxárstöðva. Á fasteignaskrá eru íbúðir skráðar sem Hús, 1, Hús 2 og svo framvegis. Til að auka skilvirkni er ráðlagt að mannvirkjum séu gerð betur skil, til dæmis sem Staðarbraut 1 og Staðarbraut 2. Er þetta gert til að styrkja öryggi, til að auðvelda nákvæma staðsetningu og fyrirfram aðgengi fyrir sjúkraflutninga og aðra neyðarþjónustu.

Fornleifaskráningar

a) Athuga mætti hvort fornleifaskráningar séu fullnægjandi.

Æskilegt væri að Landsvirkjun leitaði álits Minjastofnunar hvort fyrirliggjandi fornleifaskráningar teljist fullnægjandi í sambandi við skipulagsvinnu og framkvæmdir.

Eru sum þeirra skráningarverkefna, sem koma fram í Viðauka B, komin talsvert til ára sinna og uppfylla því ekki núverandi kröfur.

7. Heimildir

Alþingi Íslands (1998). *Skipulags og byggingarlög*. Sótt af: https://www.althingi.is/lagas/138b/1997073.html

Alþingi Íslands (1998)(a). *Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta*. Sótt af: http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998058.html

Alþingi Íslands (2010). *Skipulagslög*. Sótt af: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html

Alþingi Íslands (2015). *Lög um verndarsvæði í byggð*. Sótt af: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2015087.html

Kanon Arkitektar (2017). *Mannvirkjaskráning í Laxárvirkjun*. Sótt af: http://www.minjastofnun.is/media/husakannanir/17-23-A-MANNVIRKJASKRANING-LAXARSTLODVA-00.pdf

Landsvirkjun (2003). *Laxárstöðvar*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/media/2003/Laxa_stifla_mau_drog_230603.pdf

Landsvirkjun (2007). *Sogsstöðvar*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/media/sogsstodvar/Sog-isl.pdf

Landsvirkjun (2017). *Ársskýrsla 2017-Stefna*. Sótt af: https://arsskyrsla2017.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/stjorn-starfsfolk-og-stefna#Stefna

Landsvirkjun (á.á.)(a). *Ljósafossstöð*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/Fyrirtaekid/Aflstodvar/Ljosafossstod

Landsvirkjun (á.á.)(b). *Írafossstöð*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/Fyrirtaekid/Aflstodvar/Irafossstod

Landsvirkjun (á.á.)(c). *Steingrímsstöð*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/Fyrirtaekid/Aflstodvar/Steingrimsstod

Landsvirkjun (á.á.)(d). *Laxárstöð I*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflstodvar/laxarstodI

Landsvirkjun (á.á.)(e). *Laxárstöð II*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflstodvar/laxarstodII

Landsvirkjun (á.á.)(f). *Laxárstöð III*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/Fyrirtaekid/Aflstodvar/LaxarstodIII

Landsvirkjun (á.á.)(g). *Blöndustöð*. Sótt af: https://www.landsvirkjun.is/fyrirtaekid/aflstodvar/blondustod

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti (2017). *Reglugerð um skráningu staðfanga*. Sótt af: https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/srn/nr/0577-2017

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2013). *Skipulagsreglugerðir*. Sótt af: https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/90-2013

Þjóðskrá Íslands (2012). *Skráning staðfanga*. Sótt af: https://www.skra.is/library/Samnyttar-skrar-/Fyrirtaeki-stofnanir/Stadfong/Skr%C3%A1ning%20sta%C3%B0fanga_%C3%BAtg%C3%A1fa%2001.pdf

Viðauki A -Gildandi aðalskipulagsuppdrættir

Yfirlitskort yfir sveitarfélög og athugunarsvæði.



Útdrættir úr gildandi aðalskipulagsuppdráttum fyrir hverja stöð. Svartur hringur gefur til kynna staðsetningu stöðva eða tengd mannvirki.

Laxárstöðvar í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.



Laxárstöðvar- Geirastaðastífla og Haganesstífla í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Blöndustöð og Blöndulón í núgildandi Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 sem breytt var árið 2014 í tengslum við virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar.



Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 fyrir breytingar sem urðu árið 2014.



Sogsstöðvar í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

Aðalskipulag 2008-2020



Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt faí
Laugaveg 13, 101 Rvík
sími: 562-4140 ima@simnet.is

Sogsstöðvar í Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2016-2030- AÐALSKIPULAG Í VINNSLU



Viðauki B -Fornleifaskráningar

Hér að neðan má sjá stöðu fornleifaskráningar á áhrifasvæði Laxárstöðva, Blöndustöðvar og Sogsstöðva.

Sogsstöðvar

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifar í Grafningi. Nesjar, Hagavík, Krókur, Villingavatn, Bíldsfell, Tunga, Hlíð, Stóri-Háls, Litli-Háls og Torfastaðir*. Fornleifastofnun Íslands 1998. (Verkefni 1941).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1941_Fornleifar%20%C3%AD%20Grafningi_FS069-98181.pdf

Birna Lárusdóttir & Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I: Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri Brú, Syðri Brú, Ásgarði og Miðengi*. Fornleifastofnun Íslands 1999.* (Verkefni 1940).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1940_Fornleifaskr%C3%A1ning%20%C3%AD%20Gr%C3%ADmsneshreppi%20I.pdf

Birna Lárusdóttir & Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi II: Fornleifar á Búrfelli, Hæðarenda, Klausturhólum, Hallkelshólum, Björk, Stóruborg, Fossi, Mýrarkoti, Hraunkoti, Kiðjabergi, Arnarbæli, Vaðnesi, Snæfoksstöðum og Öndverðarnesi*. Fornleifastofnun Íslands 2001.* (Verkefni 1940).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1940_Fornleifaskr%C3%A1ning%20%C3%AD%20Gr%C3%ADmsneshreppi%20II.PDF

Birna Lárusdóttir. *Fornleifaskráning í Grímsnesi III: Fornleifar á jörðum í austurhluta Grímsness auk afréttar.* Fornleifastofnun Íslands 2002. (Verkefni 1940).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1940_Fornleifaskr%C3%A1ning%20%C3%AD%20Gr%C3%ADmsneshreppi%20III.PDF

Bjarni F. Einarsson. *Aðalskráning fornleifa vegna aðalskipulags í landi Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í Árnessýslu*. Fornleifafræðistofan 2005. (Verkefni 1943).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1943_Fornleifaskr%C3%A1ning_%C3%9Alflj%C3%B3tsvatn_a%C3%B0alskipulag.pdf

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Úlfljótsvatns í Grafningshreppi í Árnessýslu*. Fornleifafræðistofan 2005. (Verkefni 1946).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1946_%C3%9Alflj%C3%B3tsvatn_fornleifaskr%C3%A1ning_deiliskipulag.pdf

Laxárstöðvar

Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Þeistareykjalandi*. Fornleifastofnun Íslands 2006. FS326-06311 (Verkefni_1266).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1266_%20Fornleifaskr%C3%A1ning%20%C3%9Eeistareykjalandi_FS326-06311.pdf

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir. *Laxárstöðvar. Fornleifarannsóknir vegna fyrirhugaðs inntakslóns.* Fornleifastofnun Íslands og Landsvirkjun 2003. FS215-03111. (Verkefni_1265).

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskráning_Skýrslur/Verkefni_1265_Fornleifaskráning_Laxárstöð_Inntakslón_FS215-03111.pdf

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.) Birna Lárusdóttir, Gísli Pálsson, Kristborg Þórsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal.* Fornleifastofnun Íslands 2015.

Hlekkur:

http://fornleif.is/wp-content/uploads/2017/12/FS582_1512-Svart%C3%A1rl%C3%ADna.pdf

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar lagnar ljósleiðara frá Akureyri ð Kröflu í S-Þingeyjarsýslu.* Fornleifafræðistofan ehf. 2007.

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1408_Forleifaskr%C3%A1ning_Lj%C3%B3slei%C3%B0ari%20fr%C3%A1%20Akureyri%20a%C3%B0%20Kr%C3%B6flu.pdf

Blöndustöð

Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. *Fornleifaskráning á veituleið Blönduvirkjunar. Byggðasafn Skagfirðinga.* Rannsóknarskýrslur 2012/131. (Verkefni_1708)

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1708_Fornleifaskr%C3%A1ning%20%C3%A1%20veitulei%C3%B0%20Bl%C3%B6nduvirk_BSk%202012-131.pdf

Eva Kristín Dal (ritstj.) *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar*. Fornleifastofnun Íslands 2008.*

Hlekkur:

http://skyrslur.minjastofnun.is/Fornleifaskr%C3%A1ning_Sk%C3%BDrslur/Verkefni_1391_Fornleifak%C3%B6nnun%20vegna%20fyrirhuga%C3%B0ra%20framkv%C3%A6mda%20vi%C3%B0%20Bl%C3%B6ndul%C3%ADn_FS401-08141.pdf

Bryndís Zoëga*. Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Eiðsstaða í Blöndudal.* Byggðasafn Skagfirðinga 2018. (Verkefni_1931 SKÝRSLA Í VINNSLU)

Viðauki C -Dæmi um umfjöllun í aðalskipulagi

3.4 IÐNAÐUR O.FL.

3.4.1 Vatnsaflsvirkjanir

Í Þingeyjarsveit eru tvö iðnaðarsvæði tengd vatnsaflsvirkjun, þ.e. Laxárvirkjun í Aðaldal og Árteigsvirkjun í Nípá í Kaldakinn.

> Laxárvirkjun:

Laxárvirkjun samstendur af Laxárstöð I, II og III. Afl stöðvarinnar er samtals 27,5 MW og orkuframleiðslan er 180 GWst á ári. Laxárvirkjun er í eigu Landsvirkjunar



Laxárvirkjun, stöðvarhús og þrýstivatnsturn

Laxárstöð I er elsta virkjunin í Laxá og nýtir hún efri hluta fallsins við Brúar. Í stöðinni eru tvær vélasamstæður og var sú fyrri tekin í notkun árið 1939 en hin síðari árið 1944. Framleiðslugeta virkjunarinnar er 5 MW.
Laxárstöð II nýtir neðri hluta fallsins við Brúar. Byggingin var reist á árunum 1950 til 1952. Hún hýsir einu vatnsvél stöðvarinnar sem tekin var í notkun árið 1953. Afl hennar er 9 MW.
Laxárstöð III er nýjasta virkjunin í Laxá og nýtir sama fall og Laxá I. Frá stíflu Laxár I er vatnið leitt í jarðgöngum í austari gljúfurveggnum að stöðvarhúsi um 60 m inni í berginu skammt frá stöðvarhúsi Laxár I og þaðan um frárennslisgöng út í Laxá. Í stöðinni er ein vélasamstæða sem tekin var í gagnið árið 1973. Afl hennar er 13,5 MW.

Auk tæknimannvirkja eru íbúðir og ýmsar þjónustubyggingar við Laxárvirkjun.

> Árteigsvirkjun:

Árteigsvirkjun samstendur af Árteigsvirkjun 4 og 5. Afl stöðvarinnar er samtals um 1,25 MW. Hún er í eigu Raflækjar ehf.

Árteigsvirkjun 4 (um 500 kW) var byggð 2005. Inntaksþró er í Nípá um 265 m y.s. og þaðan liggur þrýstipípa að stöðvarhúsi við Granastaði sem er um 20 m y.s.
Árteigsvirkjun 5 (um 750 kW) var bætt við árið 2009. Inntaksþró hennar er í Nípá um 500 m y.s. og þaðan liggur 2,75 km löng þrýstipípa að stöðvarhúsi sem er byggt ofan á inntaksþró Árteigsvirkjunar 4, í um 265 m y.s. Orkan er leidd um jarðstreng meðfram þrýstipípu að stöðvarhúsi virkjunar 4.

3.4.2 Þeistareykir

Háhitasvæði á Þeistareykjum, í fjarska sést borhola

Á Þeistareykjum hafa síðustu árin farið fram rannsóknaboranir til að kanna háhitasvæðin og möguleika þeirra í orkuframleiðslu, m.a. vegna áforma um uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.
Búið er að bora sex rannsóknarholur á þremur borplönum.

3.4.3 Iðnaðar- og athafnastarfsemi

Í Fasteignaskrá Íslands eru – auk Laxárvirkjunar og Árteigsvirkjunar – 10 lóðir skilgreindar sem „iðnaðar- og athafnalóðir", og eru flestar þeirra á þéttbýlissvæði á Laugum. (sjá viðauka V, jarðir, lóðir og mannvirki).

> Þéttbýli:

Á þéttbýlissvæði á Laugum er lítið samfellt iðnaðar- og athafnasvæði rétt austan við þjóðveg 1:

4.7 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang.
Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

(Skipulagsreglugerð 4.7.1)

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.
Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

(Skipulagsreglugerð 4.6.1)

Meginmarkmið aðalskipulagsins er að afmarka iðnaðarsvæði þar sem virkjun fer fram eða áætlað er að fari fram, þ.e. vatnsvirkjanir Laxárvirkjun og Árteigsvirkjun, og virkjunarsvæði jarðhita á Þeistareykjum og etv. í Gjástykki.
Einnig að skilgreina iðnaðarsvæði og athafnasvæði í þéttbýli og dreifbýli sem samsvarar núverandi og fyrirhugaðri starfsemi í Þingeyjarsveit.

4.7.1 Laxárvirkjun og Árteigsvirkjun

Í Aðaldal er iðnaðarsvæði við Laxárvirkjun sem samstendur af Laxárstöð I, II og III. Afl stöðvarinnar er samtals 27,5 MW. Auk tæknimannvirkja eru íbúðir og ýmsar þjónustubyggingar við Laxárvirkjun.
í Útkinn er iðnaðarsvæði við Árteigsvirkjun sem samstendur af Árteigsvirkjun 4 og 5. Afl stöðvarinnar er samtals 1,25 KW.

> Laxárvirkjun:

Ið-01: Svæði Laxárvirkjunar er um 27,2 ha að stærð, að mestu staðsett innan við 200 m frá bökkum Laxár. Í aðalskipulagi þessu er skilgreint iðnaðarsvæði, um 25,4 ha, sem nær yfir öll tæknimannvirki og þjónustubyggingar Laxárvirkjunar.
Iðnaðarsvæðið er sérhæft fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengda henni, og óheimilt er að nýta það til annarrar iðnaðarstarfsemi sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum.
Þar sem íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum er svæði undir starfsmannaíbúðir skilgreint sem sérstakt íbúðarsvæði og er það uþb. 1,8 ha að stærð. Íbúðarsvæðið er eingöngu ætlað starfsmönnum virkjunarinnar og fjölskyldum þeirra.

Hjá Landsvirkjun hafa lengi verið hugmyndir um að hækka stífluna við Laxárvirkjun, aðallega til að bæta úr þeim vandamálum sem stafa frá klakamyndun og aur í hverflunum. Árið 2003 vann Landsvirkjun drög að tillögu að matsáætlun hækkunar Laxárstíflu.
Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er þó ekki gert ráð fyrir hækkun á stíflu / stækkun uppistöðulóns, þar sem Laxá er friðuð samkvæmt sérstökum lögum (nr. 97 / 2004) og óheimilt er að breyta vatnsborði hennar nema til verndunar og ræktunar (sjá kafla 3.2.1).
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar vísar ekki á bug þörf á breytingum á stíflu og/eða aðrennsli að Laxárvirkjun og er hlynnt því að rannsakað verði hvort hægt sé að finna viðhlítandi lausn á rekstrarvanda Laxárvirkjunar án þess að ganga of nærri lífríki Laxár í Þingeyjarsýslu.
Náist samkomulag milli Landsvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns um að breyta rennsli Laxár / hækka stíflu þarf fyrst að breyta lögum og síðan að breyta aðalskipulagi þessu áður en áætlanir gætu farið í umhverfismat og komið til framkvæmda.

Laxárvirkjun, yfirlitsmynd mkv.1:15.000.
25,4 ha iðnaðarsvæði og 1,8 ha íbúðarsvæði, samtals 27,2 ha

> Árteigsvirkjun:

Ið-02: Svæði Árteigsvirkjunar er um 80 ha að stærð. Um 12 ha eru leigulóðir Raflækjar ehf. undir Árteigsvirkjun 4, en um 68 ha hefur verið bætt við undir Árteigsvirkjun 5.
Í aðalskipulagi þessu er skilgreint iðnaðarsvæði, um 80 ha, sem nær yfir öll tæknimannvirki Árteigsvirkjunar.
Iðnaðarsvæðið er sérhæft fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengt henni, og óheimilt er að nýta það til annarrar iðnaðarstarfsemi, sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum.

Viðauki D -Staðföng

Hér að neðan eru taldir upp þeir matshlutar sem ekki hafa skráð staðfang eða þyrftu fleiri en eitt staðfang hjá Þjóðskrá Íslands.

Ljósafossstöð	
Íbúð, 1936. 438,4 m² Fastanr. 220-7674 Matshlutanr. 02 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Lokuhús	Óskráð. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Írafossstöð	
Stöðvarhús neðanjarðar, 1953. 1632,7 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 01 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.
Þjónustuskáli, 1953. 1677,6 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 15 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.
Íbúð, 1948. 434,1 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 05 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Íbúð, 1948. 434,1 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 04 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Íbúð, 1954.	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Írafossstöð	
452,5 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 03 0101	
Íbúð, 1954. 484,1 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 02 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Bílskúrslengja, 1974. 237,6 m² Fastanr. 220-7655 Matshlutanr. 17 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Lokuhús	Óskráð. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Steingrímsstöð	
Lokuhús	Óskráð. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Laxárstöðvar	
Stöðvarhús 1, 1939-2005. 865,1 m². Fastanr. 227-6008. Matshlutanr. 01 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Stöðvarhús 2, 1953. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 04 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Stöðvarhús 3, 1974. Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 09 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Iðnaðarhús, 1976. 740,4 m² Fastanr. 227-6008	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Laxárstöðvar	
Matshlutanr. 18 0101	
Spilliefnageymsla, 1996. 34,2 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 19 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Útgarður, 1970. 68,8 m² Fastanr. 227-6008 Matshlutanr. 22 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Mótorhús (lokuhús), 1950. 26,4 m² Fastanr. 216-3099 Matshlutanr. 01 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Blöndustöð	
Stjórnhús, 1990. 1346,2 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 01 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.
Starfsmannahús, 1991. 2335 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 03 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Inntakshús, 1990. 131 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 02 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Blöndustöð	
Stöðvastjórahús, 1991. 221,4 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 04 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Stöðvarhús (neðanj.), 1991. Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 05 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá fleiri staðföng.
Verkstæði (vélaskemma), 1992. 324,5 m² Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 06 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Aðkomuhús, 1991. Fastanr. 213-7466 Matshlutanr. 07 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Olíugeymsla, 1983. 89,3 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 06 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Bogaskemma, 1983. 244,2 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 09 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Blöndustöð	
Bogaskemma, 1984. 244,2 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 10 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Borgaskemma, 1983. 244,2 m² Fastanr. 213-7422 Matshlutanr. 12 0101	Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Lokuhús	Óskráð. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Lokuhús (Blöndustíflu)	Óskráð. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Inntakslokuhús (Gilsárstíflu)	Óskráð. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.
Lokuhús (Kolku)	Óskráð. Athuga þarf hvort þörf sé á að skrá staðfang.

Viðauki E -Þjóðlendur

Kort sem sýnir hvaða hluti af Blöndulóni er innan þjóðlenda (Kort: Loftmyndir ehf.).



Viðauki F -Reglugerð um skráningu staðfanga

REGLUGERÐ

um skráningu staðfanga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skráningu staðfanga á Íslandi.

Markmið þessarar reglugerðar er að:

a. tryggja gagnsæja, opna og skilvirka stjórnsýslu við skráningu örnefna,
b. samræma skráningu staðfanga í þéttbýli og dreifbýli,
c. samræma skráningu hverfa, götuheita og staðfanga til þess að auðvelda upplýsingaöflun um áfangastaði, staðsetningu lóða og aðkomu að mannvirkjum,
d. tryggja aðgang neyðarþjónustu og almannavarna að samræmdum upplýsingum um ákveðnar byggðir eða svæði,
e. tryggja skráningu og form landupplýsinga fyrir leiðsögutæki og stafrænar kortaþjónustur.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari gildir:

a. Örnefni er nafn, orð eða orðasamband, á landfræðilegum punkti, línu eða svæði sem hægt er að setja á landakort og vísar til eins ákveðins staðar innan ákveðins samfélags; lands, héraðs, sveitabæjar, þéttbýlisstaðar, húss, götu, torgs, vegar, fjalls, dals, stöðuvatns, fjarðar, hafsvæðis, skers, miðs o.s.frv., sbr. lög um örnefni.
b. Hverfi skipta sveitarfélagi upp í eina eða fleiri landfræðilegar heildir, ýmist skilgreindar sem skipulagt þéttbýli eða dreifbýli.
c. Staðfang lýsir landfræðilegri staðsetningu, svo sem aðkomu að mannvirki, lóð eða áfangastað. Í staðfangi eru fólgnar upplýsingar um nafn (staðvísir), númer (staðgreinir) og hnit (staðsetning). Staðfang er tegund örnefnis. Heimilisfang er tegund staðfangs.
d. Staðvísir er nafnberi staðfangs. Dæmi um staðvísi er nafn götu, bæjar eða staðar. Ásamt heiti getur staðvísir samanstaðið af rómverskum tölustaf og/eða viðbættu örnefni til nánari aðgreiningar.
e. Staðgreinir staðfangs er samsettur af arabískum tölustaf, bókstaf og/eða öðru viðbættu auðkenni og tryggir einkvæmni staðfangs innan staðvísis. Staðgreinir staðfangs getur auk þess geymt sérheiti, valkvæmt heiti sem gefið er mannvirki, svæði eða stað.
f. Staðsetning staðfangs er hnit sem lýsir landfræðilegri legu staðfangs.

g. Örnefnagrunnur er miðlægur gagnagrunnur sem inniheldur örnefni og gögn tengd þeim, sbr. lög um örnefni.
h. Staðfangaskrá er miðlægur gagnagrunnur sem inniheldur upplýsingar um staðföng, sbr. staðvísa, staðgreina og staðsetningu (hnit).

II. KAFLI

Hlutverk og ábyrgð.

3. gr.

Sveitarfélög.

Sveitarfélög annast nafngiftir, hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarka sveitarfélaga.

Sveitarstjórn skal að jafnaði fela byggingarfulltrúa upplýsingagjöf um staðföng. Þar sem byggingarfulltrúar eru ekki starfandi skal sveitarstjórn fela öðrum aðila upplýsingagjöfina. Byggingarfulltrúar eða aðrir sem sveitarstjórn hefur falið upplýsingagjöf bera ábyrgð á að upplýsingarnar séu efnislega réttar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að Þjóðskrá Íslands berist upplýsingar um staðföng í sveitarfélaginu.

4. gr.

Þjóðskrá Íslands.

Þjóðskrá Íslands heldur staðfangaskrá og fer með viðhald gagnagrunns, gerð hugbúnaðar til skráningar, miðlun staðfanga til notenda og annað sem viðkemur uppbyggingu staðfangaskrár. Þjóðskrá Íslands skal miðla staðfangaskrá til örnefnanefndar og Landmælinga Íslands í sem næst rauntíma.

Þjóðskrá Íslands getur, hvenær sem hún telur þörf á, látið endurskoða upplýsingar sem fyrir liggja um einstök staðföng. Slík endurskoðun skal gerð ef sýnt er fram á að upplýsingar gefa ekki rétta lýsingu á því staðfangi sem um ræðir.

5. gr.

Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands skulu halda örnefnagrunn samkvæmt lögum sem um hana gilda. Ný staðföng skal skrá í örnefnagrunn sem vistaður er hjá Landmælingum Íslands.

6. gr.

Stofnun Árna Magnússonar.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur leiðbeinandi hlutverk á sviði nafngifta nýrra staðfanga og veitir ráðgjöf til almennings, sveitarfélaga og stofnana um skráningu og varðveislu örnefna, örnefnavernd og nýjar nafngiftir.

7. gr.

Örnefnanefnd.

Örnefnanefnd starfar samkvæmt lögum um örnefni. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt þessari reglugerð er að:

a. veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni, hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar,
b. úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað nafn sem notað er til skráningar á staðfangi, hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar,
c. veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags.

8. gr.

Fasteignareigandi.

Eigandi fasteignar, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta í skráningu staðfangs, getur krafist endurskoðunar sveitarfélags á fyrirliggjandi upplýsingum.

III. KAFLI **Hverfi.**

9. gr.

Skilgreining hverfa.

Hverfi skipta sveitarfélögum í smærri varanlegar einingar sem afmarka heildstæð skráningarsvæði fyrir fasteigna-, götu- og staðfangaskráningu.

Sveitarfélög sjá um skilgreiningu og nafngift hverfa.

Hverfi tryggir einkvæmni staðfanga innan sveitarfélags.

10. gr.

Auðkenning og afmörkun hverfa.

Auðkenni hverfa er hlaupandi heiltala sem er merkingarlaus og einkvæm á landsvísu.

Skylt er að gefa hverfi þriggja bókstafa hverfiskóða sem auðkenni.

Hverfi skulu bera heiti sem eru lýsandi fyrir það svæði sem um ræðir og í samræmi við lög um örnefni.

Hverfi eru landfræðilega innan staðarmarka hvers sveitarfélags og tekur afmörkun þeirra mið af þeim landeignum sem innan hverfisins eru.

Við afmörkun hverfa skal taka tillit til einkvæmni staðfanga og skiptingu sveitarfélags í skipulagt þéttbýli og dreifbýli samkvæmt aðalskipulagi.

IV. KAFLI
Staðvísir.

11. gr.

Skilgreining og skráning.

Skráning staðvísa er á hendi sveitarfélaga og samanstendur af heiti og eftir atvikum rómverskum tölustaf og/eða öðru viðbættu auðkenni, svo sem örnefni, til að tryggja einkvæmni viðkomandi staðvísis.

Staðvísi skal skrá eins fljótt og kostur er eftir að staðfest skipulag liggur fyrir.

12. gr.

Auðkenning og einkvæmni staðvísa.

Auðkenni staðvísa er hlaupandi heiltala sem er merkingarlaus og einkvæm á landsvísu.

Auðkenni staðvísis verður ekki breytt. Ef nafn staðvísis breytist helst auðkennið óbreytt til að viðhalda tengingu við aðrar skrár.

Nöfn staðvísa eru ákveðin í samræmi við lög um örnefni. Fyrir sérhvern staðvísi lengri en 20 stafabil er geymd styttri og eftir atvikum skammstöfuð útgáfa.

Ekki skal nota samhljóða eða lík heiti staðvísa innan hverfis. Heiti staðvísa teljast lík ef munur á milli þeirra kemur aðeins fram í:

a. stafsetningu en heyrist ekki í framburði,
b. ólíkri fallbeygingu sömu orða,
c. eintölu-/fleirtölumynd,
d. bili, bandstriki, há-/lág-/tölustöfum eða öðru slíku.

13. gr.

Notkun staðvísa. Eftirfarandi

reglur gilda um notkun staðvísa:

1. Staðvísar götuheita skulu einkenna afmarkað umferðarsvæði innan hverfis þar sem staðgreinar raðast rökrétt í hækkandi röð og eru leiðandi fyrir notendur.
2. Ef ekki er hægt að tryggja einkvæmni staðvísa bæjarheita er heimilt að nota annað viðbætt auðkenni til aðgreiningar. Það getur verið:
   a. Rómverskir tölustafir: notaðir til að aðgreina tvö eða fleiri staðföng, sem bera sama bæjarheiti, innan sömu upprunajarðar.
   b. Viðbætt örnefni: notuð til að aðgreina samnefni eða lík bæjarheiti innan hverfis eða sveitarfélags.
3. Staðvísar staðarheita. Sveitarfélagi ber að úthluta staðarheitum til mannvirkja og/eða svæða sem hafa skýra landfræðilega afmörkun, t.d. áningarstaða, virkjana, fjallaskála, fjarskiptamannvirkja og vita.

V. KAFLI **Staðfang.**

14. gr.

Notkunarsvið.

Staðfang skal skrá eins fljótt og kostur er eftir að staðfest skipulag liggur fyrir.

Staðfang ber alla jafna að tengja þeim staðvísi sem samræmist best skilgreindri aðkomu. Staðfang samanstendur af staðvísi, staðgreini og hniti og er skráð af sveitarfélagi.

Ef eignaskiptayfirlýsing er gerð um land eða mannvirki ber að lagfæra staðfangaskrá til samræmis ef þörf krefur.

Sérhvert landeignanúmer skal hafa vensl við að a.m.k. eitt staðfang óháð fjölda mannvirkja. Heiti landeignar ræðst af þeim staðföngum sem henni tengjast.

15. gr.

Staðgreinir staðfangs.

Staðgreinir getur samanstaðið af arabískum tölustöfum, bókstaf og/eða öðru viðbættu auðkenni.

Staðgreinum við götur í skipulagðri byggð er úthlutað í hækkandi númeraröð eftir götu og raðast oddatölur vinstra megin en sléttar tölur hægra megin. Lokaðar götur skulu tölusettar frá þeim enda sem tengdur er gatnakerfinu. Aðrar götur skulu tölusettar frá þeim enda sem næst liggur skilgreindum miðpunkti viðkomandi þéttbýlis eða tengingu við þjóðveg.

Við úthlutun staðgreina má skilja eftir eyður í númeraröð ef fyrirséð er að frekari uppbygging geti orðið við götu.

Ef skipulag ákveðins svæðis er á þann veg að erfitt er að fylgja framangreindum reglum þá er heimilt að númera staðgreina með öðrum rökrænum hætti án þess að tekið sé tilliti til oddatalna eða sléttra talna.

Við nafngift jarða er óheimilt að nota tölusetta staðgreina en heimilt er að nota bókstafi og viðskeyti.

Sérheiti mannvirkja, svæða eða staða flokkast sem viðbætt auðkenni staðgreina. Við skráningu sérheita innan hverfis skal forðast að nota samhljóða eða lík heiti.

16. gr.

Staðsetning staðfangs.

Sérhvert staðfang fær hnit sem er staðsett á mannvirki eða innan eignamarka landeignar, ef ekkert mannvirki er til staðar.

Hnit staðfangs er sett innan grunnflatar mannvirkis þannig að það endurspegli sem best inngang þess.

Ef staðfang á við óbyggt svæði miðast hnit staðfangs við bestu mögulegu aðkomu, þó innan marka þeirrar landeignar sem staðfangið á við um. Þar sem um er að ræða svæði sem ekki eru í byggð skal leitast við að hnitsetja staðfang við rústir eða aðrar menningarminjar þar sem það á við.

Ef ekkert af ofangreindu virðist eiga við, þ.e. ef um er að ræða óbyggða landeign án merkjanlegrar aðkomu eða menningarminja, skal þess gætt að hnit staðfangs sé sannanlega innan afmörkunar hennar.

VI. KAFLI
Merking staðfanga.

17. gr.
Uppsetning merkinga.

Merkingum, svo sem vegvísum og skiltum, er ætlað að auðkenna staðfang og vísa vegfaranda á áfangastað.

Sveitarfélag ber ábyrgð á merkingu hverfa og staðvísa götuheita en fasteignareigandi ber ábyrgð á merkingu staðvísa bæjar- og staðarheita og á merkingu staðgreina.

Heiti hverfa ber að merkja á alfaraleiðum við hverfamörk.

Skilti skal sett upp á áberandi stað við upphaf hverrar götu, við heimreið að bæjum, sem og annars staðar þar sem skipulögð er ak- og/eða gangfær aðkoma. Stígar sem bera götuheiti skulu einnig vera merktir þar sem gengið er inn á þá.

Merkingar fasteigna skulu vera sjáanlegar frá götu. Letur skal vera læsilegt og æskilegt er að númer staðgreina ritist með tölustöfum.

Ef sveitarfélag telur merkingu fasteignar ábótavant og fasteignareigandi hefur ekki sinnt áskorun um úrbætur, hefur sveitarfélag heimild til að hafa frumkvæði að merkingu á kostnað fasteignareiganda.

Sveitarfélög geta útfært nánari reglur um merkingar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.
Leiðbeiningar.

Þjóðskrá Íslands skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gefa út leiðbeiningar og ítarefni til þess að stuðla að samræmdri skráningu staðfanga skv. reglugerð þessari.

19. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 12. gr. laga, nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 12. júní 2017.

Jón Gunnarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2017

Höfundaréttur © 2018 Mannvit. Allur réttur áskilinn.

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavik
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

Prentað efni